

Happdrætti Háskóla Íslands

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit**bls.**

Skýrsla stjórnar og forstjóra	2
Áritun óháðs endurkoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Happprættis Háskóla Íslands (HHÍ) er móðurfélagsársreikningur HHÍ. Samhliða ársreikningi félagsins er lagður fram samstæðuársreikningur HHÍ og dótturfélagsins Húseignin Steindórsprent ehf.

Meginstarfsemi félagsins

HHÍ hefur starfað í hátt nær 90 ár og hefur allan þann tíma notið velvildar þjóðarinnar. Skilgreint hlutverk HHÍ er að veita fólki upplifun og afþreyingu sem felur í sér von um fjárhagslegan vinning. HHÍ gerir það með ábyrgum hætti í sátt við samfélagið í þeim tilgangi að styðja við uppbyggingu Háskóla Íslands. Í því skyni rekur HHÍ flokkahappprætti, skjávélahappprætti undir heitinu Gullnáman og skafmiðahappprætti undir heitinu Happprættinn.

Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrareikningi námu hreinar happprættistekjur félagsins 3.635 milljónum króna á árinu samanborið við 2.714 milljónir króna árið áður. Hagnaður ársins var 1.590 milljónir króna og hefur hækkað um 183 milljónir milli ára. Heildareignir í árslok nema 6.004 milljónum króna og eigið fé nemur 4.312 milljónum króna.

Frá því að Covid-19 faraldurinn hófst í upphafi árs 2020 hefur áhrifa hans gætt í rekstri HHÍ og sérstaklega á rekstur Gullnámunnar. Áhrifin voru umtalsverð á árunum 2020 og 2021. Gullnáman var lokað í upphafi árs 2022 í tvær vikur og til og með 24. febrúar var helmingur véla opinn en þá voru endalok Covid aðgerða. Lokanir og hvers kyns takmarkanir hafa veruleg áhrif á uppsafnaða rekstrarafkomu HHÍ.

HHÍ hefur lagt ríka áherslu á ábyrga spilun og hefur meðal annars innleitt staðal samtaka evrópsku happprættisfyrirtækja um ábyrga spilun. HHÍ hefur verið að þróa smáforriti (app) sem fékk heitið Happið og verður innleitt í áföngum á árunum 2023-2024. Í fyrsta fasa mun Happið styðja við aukna skilvirkni í rekstri og auka öryggi viðskiptavina. Í öðrum og þriðja fasa verður innleitt rafrænt spilakort til stuðnings þeim sem eiga við spilavanda að etja og þjónar kröfum eftirlitsaðila þar sem boðið er upp á varnir gegn peningabætti. Með rafrænu spilakorti gefst þátttakendum kostur á að setja sér mörk og stýra þátttöku sinni í Gullnámunni eða útiloka sig frá spilun. Dómsmálaráðherra skipaði starfshóp í mars 2021 sem fékk það hlutverk að kanna mögulegar réttarbætur á sviði happprættismála. Niðurstöður hópsins liggja nú fyrir en ekki hefur verið brugðist við þeim af hálfu ráðuneytisins. HHÍ leggur áherslu á að allar breytingar á happprættismarkaði verði skoðaðar með heildrænum hætti Hvers kyns takmarkanir á starfsemi Gullnámunnar og mögulegar breytingar á umgjörð happprættismarkaðarins geta haft veruleg áhrif á tekjuöflun og afkomu HHÍ.

Stjórn happprættisins samanstendur af tveimur konum (67%) og einum karli (33%) og er óbreytt milli ára. Fjöldi ársverka var 16 (2021: 16).

Það er álit stjórnar og forstjóra Happprættis Háskóla Íslands að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu happprættisins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu, komi fram í ársreikningnum.

Ráðstöfun hagnaðar

Hagnaði Happprættis Háskóla Íslands er ráðstafað til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands, viðhalda þeim og til tækjakaupa. Jafnframt greiðir HHÍ árlegt leyfisgjald í Ríkissjóð, 150 milljónar króna, sem rennur til innviðarsjóðs Rannís. Á árinu var ráðstafað 775 milljónum króna til Háskóla Íslands samanborið við 940 milljónum króna árið áður.

Eignaraðild

Happprætti Háskóla Íslands er í eigu Háskóla Íslands.

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Yfirlýsing stjórnar

Að bestu vitneskju stjórnar er ársreikningurinn saminn í samræmi við lög um ársreikninga og gefur hann glögga mynd af einum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins. Að auki geymir skýrsla stjórnar glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsir helstu áhættu- og óvissupáttum sem félagið stendur frammi fyrir. Stjórn Hapdrætti Háskóla Íslands og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með áritun sinni.

Reykjavík, 30. mars 2023



Víðir Smári Petersen
stjórnarformaður



Jenný Bára Jónsdóttir
meðstjórnandi



Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir
meðstjórnandi



Bryndís Hrafnkelsdóttir
forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Hapdrættis Háskóla Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hapdrættis Háskóla Íslands fyrir árið 2022, að undanskilinni skýrslu stjórnar og forstjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar og forstjóra
 - Rekstrarreikning ársins 2022
 - Efnahagsreikning 31. desember 2022
 - Sjóðstreymi ársins 2022
 - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar
- Skýrsla stjórnar og forstjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar og forstjóra sem lá fyrir við áritun okkar. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar og forstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningssskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 30. mars 2023

PricewaterhouseCoopers ehf.

Atli Þór Jóhannsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýringar	2022	2021
Rekstrartekjur		11.607.099.750	8.809.944.100
Vinningar		(7.972.467.205)	(6.095.802.364)
Hreinar happdrættistekjur	3	3.634.632.545	2.714.141.736
Rekstur happdrættis		(1.022.729.818)	(784.019.633)
Hrein velta		<u>2.611.902.727</u>	<u>1.930.122.103</u>
Aðrar tekjur	4	24.548.757	23.131.184
Laun og launatengd gjöld	5	(243.992.465)	(250.482.999)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	15	(24.900.592)	(45.757.552)
Annar rekstrarkostnaður		(284.998.491)	(231.676.112)
Leyfisgjald	6	(150.000.000)	(150.000.000)
Afskriftir	8	(96.748.535)	(93.215.337)
Rekstrarhagnaður		<u>1.835.811.401</u>	<u>1.182.121.287</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Hreinar fjármunatekjur	7	(253.503.224)	197.814.832
Afkoma af rekstri hlutdeildarfélaganna	9	7.281.480	26.817.719
Hagnaður ársins		<u><u>1.589.589.657</u></u>	<u><u>1.406.753.838</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýringar	2022	2021
Fastafjármunir			
Efnislegar eignir:			
Fasteignir og lóðir		84.182.421	86.600.541
Áhöld, tæki og innréttingar		414.940.232	347.614.592
Bifreiðar		7.444.194	9.364.324
	8	<u>506.566.847</u>	<u>443.579.457</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í dótturfélagi	9	602.189.821	594.908.341
Fastafjármunir samtals		1.108.756.668	1.038.487.798
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	10	185.806.737	229.770.713
Aðrar skammtímakröfur	11	15.376.242	44.335.835
Markaðsverðbréf	12	3.501.489.604	3.564.616.602
Handbært fé	13	1.192.597.540	418.566.795
		<u>4.895.270.123</u>	<u>4.257.289.945</u>
Eignir samtals		<u>6.004.026.791</u>	<u>5.295.777.743</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll		5.087.202.162	4.437.612.505
Ráðstafað til Háskóla Íslands		(775.000.000)	(940.000.000)
	14	<u>4.312.202.162</u>	<u>3.497.612.505</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Lífeyrisskuldbinding	15	648.507.331	663.243.228
		<u>648.507.331</u>	<u>663.243.228</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		64.601.254	99.749.269
Ógreiddir vinningar		54.918.094	76.663.163
Ríkissjóður vegna leyfisgjalds	6	150.000.000	150.000.000
Skuld við Háskóla Íslands	16	700.000.000	700.000.000
Aðrar skammtímaskuldir		73.797.950	108.509.578
		<u>1.043.317.298</u>	<u>1.134.922.010</u>
Skuldir samtals		1.691.824.629	1.798.165.238
Eigið fé og skuldir samtals		<u>6.004.026.791</u>	<u>5.295.777.743</u>
Viðskipti við tengda aðila	16		
Aðrar upplýsingar	17		

Sjóðstreymi ársins 2022

	Skýringar	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Rekstrarhagnaður		1.835.811.401	1.182.121.287
Afskriftir	8	96.748.535	93.215.337
Söluhagnaður fastafjármuna		(1.755.805)	(1.104.884)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	15	(14.735.897)	8.718.831
		<u>1.916.068.234</u>	<u>1.282.950.571</u>
Breyting rekstartengda eigna og skulda:			
Veltufjármunir		72.923.569	(94.719.045)
Skammtímaskuldir		(91.604.712)	112.260.885
		<u>(18.681.143)</u>	<u>17.541.840</u>
Innborgaðir vextir		25.380.371	197.814.832
Handbært fé frá rekstri		1.922.767.462	1.498.307.243
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	8	(162.820.410)	(42.064.463)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		4.840.290	4.675.760
Viðskipti með markaðsverðbréf		(215.756.597)	(577.897.317)
		<u>(373.736.717)</u>	<u>(615.286.020)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Ráðstafað til Háskóla Íslands	14	(775.000.000)	(940.000.000)
		<u>(775.000.000)</u>	<u>(940.000.000)</u>
Breyting handbærs fjár á árinu		774.030.745	(56.978.777)
Handbært fé í ársbyrjun		418.566.795	475.545.572
Handbært fé í árslok	13	<u>1.192.597.540</u>	<u>418.566.795</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

HHÍ hefur starfað í hátt nær 90 ár og hefur allan þann tíma notið velvildar þjóðarinnar. Skilgreint hlutverk HHÍ er að veita fólki upplifun og afþreyingu sem felur í sér von um fjárhagslegan vinning. HHÍ gerir það með ábyrgum hætti í sátt við samfélagið í þeim tilgangi að styðja við uppbyggingu Háskóla Íslands. Í því skyni rekur HHÍ flokkahappdrætti, skjávélahappdrætti undir heitinu Gullnáman og skafmiðahappdrætti undir heitinu Happaþrengan.

Happdrætti Háskóla Íslands er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið áður. Ársreikningurinn er lagður fram miðað við áframhaldandi starfsemi. Samhliða ársreikningi félagsins er lagður fram samstæðuársreikningur HHÍ og dótturfélagsins Húseignin Steindórsprent ehf.

Happdrættið flokkast sem meðalstórt félag í skilningi laga um ársreikninga.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Innlausn tekna

Happdrættið rekur þrjú happdrættisform og eru þau eftirfarandi:

Flokkahappdrætti

Flokkahappdrætti byggist á því að gefnir eru út miðar í 12 flokkum, einum fyrir hvern mánuð ársins. Þátttakendur greiða endurnýjunarverð fyrir hvern flokk. Vinningar í happdrættinu eru dregnir út í aðalútdrætti og milljónaútdrætti þar sem upphæð vinninga er föst og fjöldi þeirra fyrirfram ákvarðaður í vinningskrá. Áætlað vinningshlutfall er 70% af tekjum.

Tekjufærsla af flokkahappdrætti eru innleystar við sölu eða endurnýjun á miðum í hverjum mánuði og vinningar eru gjaldfærðir sem hafa fallið á gilda miða í hverjum útdrætti.

Skafmiðahappdrætti

Skafmiðahappdrætti (Happaþrengan) virkar þannig að vinningur kemur strax í ljós, ef um hann er að ræða, þegar búið er að skafa hulið svæði af miðanum. Vinningshlutfall skafmiðahappdrættis er á bilinu 60-65%.

Tekjufærsla af skafmiðahappdrætti er færð miðað við seldu miða hjá umboðssölum hverju sinni og vinningar eru gjaldfærðir í samræmi við áætlaða vinninga hverju sinni út frá vinningshlutfalli þeirra. Ógreiddir vinningar eru því metnir út frá vinningshlutfalli en hins vegar má búast við því að hluti þessara vinninga verði aldrei innleystur.

Skjávélahappdrætti

Skjávélahappdrætti (Gullnáman) virkar þannig að vinningur kemur strax í ljós, ef um hann er að ræða, þegar spilað er. Happdrættisformin eru tvö, Gullnáman sem eru samtengdar vélar með gullpotti og Gullregn sem eru ósamtengdar vélar. Stakir vinningar eru frá 10 krónum og geta farið allt upp í 1 milljón króna. Gullpottur er að lágmarki 1 milljón króna og fer hæst í 17 milljónir króna. Vinningshlutfall í skjávélahappdrættinu er 92%.

Tekjufærsla af skjávélahappdrætti er færð miðað við innborganir hverju sinni um leið og spilað er í vélunum og vinningar eru gjaldfærðir í samræmi við raunverulega áfallna og greiddra vinninga hverju sinni.

4. Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur samanstanda af húsaleigu, afskrifuðum vinningum og öðrum tilfallandi tekjum.

Skýringar

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2022	2021
Laun	198.894.798	206.087.936
Mótframlag í lífeyrissjóð	27.892.681	27.441.476
Launatengd gjöld	17.204.986	16.953.587
	<u>243.992.465</u>	<u>250.482.999</u>

Fjöldi ársverka á árinu 2022 voru 16 (2021: 16).

Heildarlaun, þóknanir og ágóðahluti stjórnenda greinist þannig:

Forstjóri	26.372.232	22.804.540
Stjórnarlaun	4.663.584	4.097.628
	<u>31.035.816</u>	<u>26.902.168</u>

6. Leyfisgjald

Samkvæmt lögum skal greiða 20% af nettó ársarði af happdrættisstarfsemi í ríkissjóð. Við útreikning á leyfisgjaldi er undanskilinn rekstur á bílastæði á lóð happdrættisins, vaxtatekjur o.fl. Hámark leyfisgjalds er þó 150 milljónir króna á ári.

Á árinu 2022 nam leyfisgjaldið 150 milljónum króna sama og árið áður.

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur greinast þannig:	2022	2021
Vaxtatekjur	25.432.476	11.165.920
Gengisbreyting sjóða í stýringu	(286.171.005)	184.372.358
Arðstekjur	7.235.305	2.276.554
	<u>(253.503.224)</u>	<u>197.814.832</u>

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2023. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfæignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Fjármagnstekjuskattur er færður til lækkunar á vaxtatekjum.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði fært í rekstrarreikning og á veltufjáreignum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

Skýringar

8. Efnislegar eignir

	Fasteignir og lóðir	Áhöld, tæki og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Árslok 2021:				
Bókfært verð í ársbyrjun	89.211.161	398.573.593	10.516.453	498.301.207
Viðbót ársins	0	35.690.463	6.374.000	42.064.463
Seldar eða niðurlagðar eignir	0	0	(3.570.876)	(3.570.876)
Afskriftir	(2.610.620)	(86.649.464)	(3.955.253)	(93.215.337)
Bókfært verð í árslok	86.600.541	347.614.592	9.364.324	443.579.457
Bókfært verð í árslok 2021 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	119.099.208	634.466.448	19.728.961	773.294.617
Uppsafnaðar afskriftir	(32.498.667)	(286.851.856)	(10.364.637)	(329.715.160)
Bókfært verð í árslok	86.600.541	347.614.592	9.364.324	443.579.457
Árslok 2022:				
Bókfært verð í ársbyrjun	86.600.541	347.614.592	9.364.324	443.579.457
Viðbót ársins	0	158.322.410	4.498.000	162.820.410
Seldar eða niðurlagðar eignir			(3.084.485)	(3.084.485)
Afskriftir	(2.418.120)	(90.996.770)	(3.333.645)	(96.748.535)
Bókfært verð í árslok	84.182.421	414.940.232	7.444.194	506.566.847
Bókfært verð í árslok 2022 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	119.099.208	792.788.858	17.852.961	929.741.027
Uppsafnaðar afskriftir	(34.916.787)	(377.848.626)	(10.408.767)	(423.174.180)
Bókfært verð í árslok	84.182.421	414.940.232	7.444.194	506.566.847
Afskriftarhlutföll	0-3%	15-33%	15%	

Efnislegar eignir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna.

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagð, ef þörf er á, í lok hvers reikningssárs. Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söluþegi og er hluti af

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna.

Fasteignamat og váttryggingaverðmæti

Fasteignir félagsins í árslok 2022 voru eftirtaldar:

	Fasteigna- mat, hús	Fasteigna- mat, lóð	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Fasteign og lóð - Bildshöfði 16	92.650.000	21.850.000	154.750.000	43.132.421
Lóð - Tjarnargata 8	0	61.850.000	0	41.050.000
	92.650.000	83.700.000	154.750.000	84.182.421

Áhöld, tæki og innréttingar eru váttryggð fyrir 933 m.kr. Samanborið við 866 m.kr. í fyrra.

Veðsetningar

Á fasteignum félagsins hvíla engin veð.

Skýringar

9. Eignarhlutir í dótturfélagi

Eignarhlutir í dótturfélagi er 100% eignarhlutur í Húseigninni Steindórsprent ehf. Nafnverð hlutarins er 12 milljónir króna og meginstarfsemi félagsins er fasteignarekstur.

Eignarhlutur í dótturfélagi greinist þannig:	2022	2021
Bókfært verð í ársbyrjun	594.908.341	568.090.622
Hlutdeild í afkomu	7.281.480	26.817.719
Bókfært verð í árslok	602.189.821	594.908.341

Af bókfærðu verði í árslok 2022 eru 283 milljónir króna sem er ekki afskrifað þar sem um er að ræða yfirverð við kaup á dótturfélaginu sem útteilt var á lóð félagsins og er þar af leiðandi ekki afskrifað.

Eignarhlutir í dótturfélögum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi dótturfélaga eftir kaup færð í rekstrarreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í dótturfélögum. Dótturfélög eru félög þar sem félagið á að jafnaði milli 50 og 100% eignarhlut eða hefur bein yfirráð yfir félögunum. Óinnleystum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og dótturfélaga er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Óinnleystu tapi er einnig eytt út hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Innifalið í bókfærðu verði eignarhlutanna er yfirverð. Hætt er að taka tillit til hlutdeildar í tapi dótturfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað dótturfélaginu.

10. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	2022	2021
Viðskiptakröfur	16.221.937	16.988.312
Kröfur vegna greiðslukorta	171.084.800	214.282.401
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(1.500.000)	(1.500.000)
	185.806.737	229.770.713

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

11. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2022	2021
Birgðir af Happaprennum	10.942.075	16.660.531
Fyrirframgreiddur kostnaður	0	15.418.179
Virðisaukaskattur	4.434.167	12.257.125
	15.376.242	44.335.835

Aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði. Birgðir af Happaprennum eru færðar á kostnaðarverði útgáfu þeirra.

Skýringar

12. Markaðsverðbréf

Markaðsverðbréf greinast þannig:	2022	2021
Ríkistryggð skuldabréf Íslenskra verðbréfa hf.	810.731.111	854.771.536
Innlend hlutabréf og skuldabréf	1.960.470.163	1.799.995.430
Lausafjár sjóður Arion banka	37.458.897	36.027.177
Önnur skuldabréf Íslenskra verðbréfa hf. og hlutabréf	526.436.573	542.042.214
Erlend hlutabréf og skuldabréf	201.568.194	355.957.315
Áætlaður fjármagnstekjuskattur	(35.175.334)	(24.177.070)
	<u>3.501.489.604</u>	<u>3.564.616.602</u>

Markaðsverðbréf er verðbréfaeign félagsins á hverjum tíma. Kaup og sala fjárfestinga er færð á viðskiptadegi - þann dag sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárfestingar eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði. Viðskiptakostnaður vegna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í rekstrarreikning er þó gjaldfærður. Fjárfestingar eru færðar út þegar réttindi til að taka á móti sjóðstreymi vegna fjárfestinga eru ekki lengur í gildi eða félagið hefur yfirfært því sem næst alla áhættu og umbun vegna eignarhalds. Gangvirði markaðsverðbréfa er samkvæmt útgefnu markaðsgengi hverju sinni.

13. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:	2022	2021
Bankainnstæður í íslenskum krónum	1.068.377.425	362.895.821
Sjóðir í Gullnámuvélum, áfallin sala	122.879.000	53.325.000
Sjóðir	1.341.115	2.345.974
	<u>1.192.597.540</u>	<u>418.566.795</u>

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

14. Eigið fé

Hlutafé

Happdrættið er ríkisstofnun og ber því ekki hlutafé.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Höfuðstóll
Hreyfingar 2021:	
Staða í ársbyrjun	3.030.858.669
Hagnaður ársins	1.406.753.838
Framlög og greiðslur til Háskóla Íslands	(940.000.000)
Staða í árslok	<u>3.497.612.505</u>
Hreyfingar 2022:	
Staða í ársbyrjun	3.497.612.505
Hagnaður ársins	1.589.589.657
Framlög og greiðslur til Háskóla Íslands	(775.000.000)
Staða í árslok	<u>4.312.202.162</u>

Skýringar

15. Lífeyrisskuldbinding

Til skuldar er færð áætluð hlutdeild HHÍ í eftirlaunaskuldbindingu vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna HHÍ sem voru og eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR). Til skuldar í ársreikningi HHÍ er um 100% af heildar skuldbindingum vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna. Þar sem LSR mun ekki geta staðið við þessar skuldbindingar þá lendir það á viðkomandi B hluta ríkisfyrirtækjum og ríkinu sjálfu að standa við skuldbindingarnar. Því er þessi skuldbinding færð upp í bókum HHÍ. Óvissa er hverjar heildargreiðslur HHÍ verða vegna þessa en líklegt er að þær verði á endanum lægri en uppfærð skuldbinding. Óski HHÍ eftir að greiða upp skuldbindinguna þá kæmu 648 milljónir króna til greiðslu.

Eftirlaunaskuldbinding sem hvílir á happdrættinu greinist þannig:	2022	2021
Fyrrverandi starfsmenn með verðtryggð réttindi	56.649.622	52.167.369
Fyrrverandi starfsmenn með óverðtryggð réttindi	684.640	686.793
Lífeyrisþegar	586.345.471	605.451.772
	<u>643.679.733</u>	<u>658.305.934</u>
Áætlaður kostnaður	4.827.598	4.937.294
	<u>648.507.331</u>	<u>663.243.228</u>
Reiknuð hlutdeild HHÍ í skuldbindingunni 100%	648.507.331	663.243.228
Áhrif skuldbindingarinnar á rekstur HHÍ er færður í rekstrarreikning og greinist þannig:		
Greiðslur til lífeyrissjóðs	39.636.489	37.038.721
Reiknuð breyting á eftirlaunaskuldbindingu	(14.735.897)	8.718.831
	<u>24.900.592</u>	<u>45.757.552</u>

16. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2022	2021
Húsaleiga til Húseignarinnar Steindórsprent ehf.	16.245.647	20.384.978
Félagið sagði upp leigusamningi sínum við Húseignina Steindórsprent ehf. á árinu 2022.		
Skuld við Háskóla Íslands	700.000.000	700.000.000

Meðal skulda er ógreitt framlag til Háskóla Íslands vegna framkvæmda við Hús íslenskra fræða samtals 400 m.kr. auk 300 m.kr. sem er ógreitt frá árinu 2020.

Skýringar

17. Aðrar upplýsingar

Tekjuskattur

Happdrætti Háskóla Íslands er undanþegið greiðslu tekjuskatts.

Leigusamningur

Félagið er með leigusamning við Reginn atvinnuhúsnæði ehf. fyrir leigu á Dvergshöfða 2. Samningurinn er til 10 ára og lýkur 31. maí 2032 og er leigan vísitölutengd. Samningurinn er þó uppsegjanlegur í fyrsta lagi 1. apríl 2026 með 12 mánaða uppsagnarfresti vegna hvers kyns ákvarða ríkisvaldsins sem hefðu umtalsverð neikvæð áhrif á tekjustreymi HHÍ. Heildarleigugreiðslur ársins 2022 námu 22 m.kr.

Ónúvirt skuldbinding vegna leigusamninga félagsins í lok ársins greinast með eftirfarandi hætti:

Leigugreiðslur árið 2023	30.119.364
Leigugreiðslur árið 2024	30.119.364
Leigugreiðslur árið 2025	30.119.364
Leigugreiðslur árið 2026	30.119.364
Leigugreiðslur árið 2027	30.119.364
Leigugreiðslur síðar	133.185.352
	<u>283.782.172</u>

Þóknun endurskoðanda

Þóknun endurskoðanda skiptist þannig:	2022	2021
Þóknun vegna endurskoðunar	3.148.948	2.745.735
Þóknun vegna annarrar vinnu	1.225.337	1.148.300
	<u>4.374.285</u>	<u>3.894.035</u>